

2

0

2

1



Flugmódelárid









Forsíðumódelið í ár er P-38 Lightning hönnuð af Nick Zirolí en heiðurinn af þessari smíði á Bjarni Björnsson. Sjá nánari umfjöllun á blaðsíðu 16.

Svifflugan hér á opnunni er Orlik II í 40% skala, hönnuð og smíðuð fyrir Steinþór Agnarsson í Póllandi.



ÚTGEFANDI
Frettavefur.net

RITSTJÓRI
Sverrir Gunnlaugsson

LJÓSMYNDIR
Sverrir Gunnlaugsson
nema annars sé getið



Hafðu samband

FRETTAVEFUR.NET
Klukkuvöllum 10
221 Hafnarfirði

NETFANG
ritstjori@frettavefur.net

Fréttavefur.net © 2021
Allur réttur áskilinn.
Pentað í Evrópu.

ISSN 2298-8203

RITSTJÓRARAUS



Fréttavefurinn birtist fyrst á internetinu árið 1999 og 2004 var svo opnað fyrir spjallborð flugmódelmanna.

Líttu endilega við á <https://frettavefur.net> og fylgstu með því helsta sem er að gerast í sportinu bæði hér heima og erlendis.



P á hefur sjöunda tölublaðið af tímariti Fréttavefsins litið dagsins ljós. Sumarið í ár var ekki upp á sitt besta sunnan heiða en þeimur betra annars staðar Covid var ekki mikið á ferðinni í sumar.

Þrátt fyrir það voru samkomur og mót nokkur talsins og verður gerð grein fyrir þeim á síðum blaðsins. Þar ber helst að nefna Flotflugkomu FMS, Stríðsfuglaflugkoma Einars Páls, flugkomuna á Melgerðismelum og Stórskalaflugkoma Einars Páls og Íslandsmótið í hangi (F3F).

Dagana 1. apríl til 2. maí stóð til að halda Iceland Open F3F en mótið var hluti af Evrópu- og heimsbikarmótaröðinni og höfðu 30 keppendur af 10 þjóðernum skráð sig til leiks en Covid ástandið sló því á frest eins og svo mörgu öðru. Mótið hefur verið fært til og verður haldið 29. apríl til 1. maí 2022 og er fullt á mótið og að auki bíða nokkrir á biðlista þegar þess orð eru fest á blað.

Þetta verður fyrsta alþjóðlega mótið sem við höldum á þessari öld en í ár var aldarfjórðungur liðinn frá síðasta alþjóðlega mótinu sem við höldum en það var Viking Race 1996, sem þá var óopinbert heimsmeistaramót í F3F þar sem greinin var ekki enn orðin samþykkt af alþjóða flugmálafélaginu FAI. Hver veit nema við höldum heimsmeistaramótið á ný einhvern daginn!


Vefur mótsins: <https://f3f.is/iceland-open/>.

Hægt er að nálgast tímaritið sem rafrænt niðurhal á vefnum og eru flugmódelmenn hvattir til að dreifa tenglinum áfram til vina og vandamanna ásamt hverjum þeim sem kynni að hafa áhuga og gaman af að fræðast aðeins um áhugamálið okkar!

Slóðin er: <https://frettavefur.net/timarit/>

SVERRIR GUNNLAUGSSON
Ritstjóri

FLOTFLUGKOMA FMS



Flotflugkoma FMS var haldin þann 25. maí á Seltjörn við Arnarvöll. Smá yfirferð var á logninu en vanir flotflugmenn létu það ekki stoppa sig og skelltu sér út á vatnið og syndu skemmtilega takta í kvöldsólinni. Viðstaddir voru allir sammála um að þetta væri hin besta skemmtun og synd að ekki væri meira gert af skipulögðum flothittingi. Því var ákveðið að efna til mánaðarlegra flotflugkvöldu út sumarið og gekk það vonum framár.





JÚLÍMÓTIÐ Í F3F

Eins og í fyrra voru það fimm keppendur sem mættu til leiks á júlímótið en að auki voru 3 aðstoðarmenn til taks sem létti talsvert undir með mótshöldurum. Aðstæður voru nokkuð góðar, 10-11 m/s og nokkuð stöðugur vindur allan daginn.

Keppnin gekk vel fyrir sig og urðu engin óhöpp á mönnum né vélum fyrir utan einstaka rispur eins og gengur og gerist. Sverrir sýndi nokkra yfirburði í keppninni og vann sjö umferðir af níu en hann var nýkomin úr viku æfingabúðum á Jótlandi og var sú reynsla greinilega að skila sér.

Eftir fyrstu þrjár umferðirnar var stutt matarhlé en að því loknu var tekið til og flognar sex umferðir í viðbót áður en ákveðið var að láta gott heita.

Upplýsingaskjárninn stóð sig mjög vel í frumraun sinni og voru viðstaddir sammála um að hann væri til mikilla bóta fyrir þá sem eru að fylgjast með þar sem það heyrst ekki alltaf svo vel í rokinu á hvaða tíma flugmennirnir eru að fljúga á auk þess sem hann birtir upplýsingar um næstu flugmenn og vind.

Hraðasta fyrsta legg átti Erlingur en hann var 2,09 sekúndur í þriðju umferð en besta tímann átti Sverrir á 48,13 sekúndum í níundu umferð. Þessa og aðra tölfræði er hægt að skoða á mótssíðunni inn á F3XVault.com.

Aðstoðarmennirnir Árni, Frímann og Hannes fá kærar þakkir fyrir aðstoðina frá keppendum og mótssjórn.

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	7.991
2.	Erlingur Erlingsson	7.610
3.	Böðvar Guðmundsson	6.997
4.	Guðjón Halldórsson	6.902
5.	Jón V. Pétursson	6.683






STRÍÐSFUGLAFLUGKOMA EPE



Hin árlega stríðsfuglaflugkoma Einars Páls var á sínum stað en óvenju góðmennt var á svæðinu þar sem Jón og Steini voru einu flugmennirnir sem voru mættir til leiks. Um morgunin gekk á með dropum en svo fór að létta til þegar nær dróg hádegi og náði flug tvíþekjanna úr fyrra stríði hámarki í kringum hádegið.

Eftir hádegið snérist vindurinn yfir í 70-90° hliðarvind og þá var sjálfhætt fyrir tvíþekjurnar og engir aðrir flugmenn á svæðinu svo ákveðið var að láta þetta gott heita.





FLUGKOMA FMFA

Myndir: Sverrir Gunnlaugsson og Guðjón Ólafsson



Eftir ekki flugkomu síðasta árs þá var aftur kominn tími á hitting á Melgerðismelum en þó með breyttu sniði vegna Covid. Mikilið var flogið og mikið var spjallað í ágætis veðri en spáin batnaði með hverjum degi sem leið síðustu vikuna fyrir flugkomuna. Sannaðist þá hið fornkveðna að engin skyldi láta veðurspá draga úr samkomuþorsta sínum.

Mynd: GÓ



Mynd: GÓ




Mynd: GÓ






Myndir á opnu: Guðjón Ólafsson







Forsíðumódelið í ár er P-38 Lightning hönnuð af Nick Zirolí en heiðurinn af þessari smíði á Bjarni Björnsson. Teikningar, timbur, plast og gletrefjahlutir eru keyptir beint frá Zirolí.

Í vélinni eru 15 Futaba servó + 5 til viðbótar fyrir hjólalúgurnar, ekki er búið að ákveða varaafllkerfi. Uppdraganlegu hjólin eru rafmagnsknúin og koma frá Robart.

Stjórnklefinn er sérsmíði frá Aerocockpit ásamt frekari smáatriðavinna frá Bjarna. Vélin er klædd með álfilmu frá Flite Metal og er það talsverð þolinmæðis-vinna. Spaðarnir koma frá Póllandi og eru nokkuð nálægt full skala fyrirmyndinni.






Vænghaf: 290 cm


Lengd: 208 cm


Mótor: 2x DLE55 RA




Myndir á opnu: Bjarni Björnsson









ÍSLANDSMÓTIÐ Í HANGI F3F

Var haldið 21. ágúst en eftir að hafa tekið stöðuna upp á Sandskeiði rétt fyrir klukkan 10 þann morgun var ákveðið að nota daginn í hangflug þar sem hátt í 12 m/s voru í Kömbunum og á Sandskeiði voru um 8 m/s.

Eftir uppsetningu á keppnisbrautinni þá var vindurinn dottinn niður í nánast ekki neitt í Kömbunum svo ákveðið var að taka hádegishléð snemma og viti menn upp úr hádegi fór vind að hreyfa á ný og fljótlega var hægt að henda fyrstu vélinni fram af brúninni.

Það verður seint hægt að segja að kjöraðstæður hafi verið, vindurinn var að jafnaði í kringum 5-6 m/s en fór alveg niður fyrir 4 m/s á tímabili og allt

að 45°gráður frá brekkubrún, stundum fór þetta tvennt saman og þá var ekki mikil ferð á mönnum.

Jón notaði tækifærið og frumflug Pike Precision sem hann eignaðist í sumar og var ekki annað að sjá, og heyra, en að hann væri nokkuð sáttur með nýju vélina. Það fuku ófár sekúndur af flugunum hjá honum eftir því sem leið á.

Allt í allt voru flognar 15 umferðir og tveim lökustu hent út þannig að 13 umferðir töldu til stiga. Ekki var það svo að allir hafi verið á svona jöfnum tíma í fyrstu umferð heldur vildi svo illa til að keppniskerfið át stigin úr fyrstu umferð í stað þess að færa þau

yfir á netið og afritarinn gleymdi sér aðeins svo ekki þýddi að gá í hirslur hans.

Það kom þó ekki að sök í þetta sinn en minnir okkur þó á að gæta vel að allri stigaskráningu í næstu mótum!

Hraðasta fyrsta legg átti Böðvar en hann var 3,32 sekúndur í fimmtu umferð en besta tímann átti Sverrir á 52,82 sekúndum í fimmtánda umferð. Þessa og aðra tölfræði er hægt að skoða inn á F3XVault.com.

Aðstoðarmennirnir Frímánn og Hannes fá kærar þakkir fyrir aðstoðina frá keppendum og mótsstjórn.



Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	12.912
2.	Erlingur Erlingsson	12.426
3.	Böðvar Guðmundsson	11.589
4.	Jón V. Pétursson	11.502



STÓRSKALAFLUGKOMA EPE



Nóg var að gerast á Stórskalaflugkomunni hjá Einari Páli Einarssyni, dagurinn byrjaði í grára lagi en það lagaðist eftir því sem nær dróg hádegi. Mikið flogið og mikið fjör, að mestu óhappalaust en þó var eitthvað um minni háttar þústra!







Bongóblíða í Kómbunum þann 3. júlí



Tveir pottormar fyrir norðan

HÁSTARTMÓT Í DANMÖRKU







